

V. 6.3.39

Mannfræði og framfarir.

I.

Einhversstaðar sá eg þess getið, að svertingjar í Uganda í Austur-Afríku tækju um ýmsan fræknleik til mikilla muna fram hinum allrafræknustu iþróttamönnum Vesturlanda, að hinum blökku metgörpum Bandaríkjanna ekki undanskildum. Mér virtist þetta fróðlegt, og koma mjög vel heim við ýmsar minnar mannfræði-hugmyndir, sem eg hefi vikið að áður, lítið eitt, hér í blaðinu. Mér virðist sem hvítir menn hafi varla gert sér nægilega ljóst, hve miklu síðri vér erum hinum lituðu ættkvíslum mannkynsins, bæði að lífsorku og sumum andlegum hæfileikum. Það er hið skynsamlega vit, hæfileikinn til véltækni og visinda, sem hvítir menn hafa framyfir, og heimsyfírráð þeirra byggjast á. En það er begar farið að koma í ljós, að þau yfírráð eru völk, og þar sem hvítum mönnum fjölgar ekki einsog hinum, þá er auðséð hvað verða vill, ef ekki getur orðið sú breyting sem nauðsynleg er. En líði hið hvita mannkyn undir lok, þá mun aldrei verða á þessari jörð lifað hinu sána framfaralifi, því sigursela lífi í sannleik, fegurð og

krafti, sem „hinn hæsti höfuðsmiður“ ætlast til að lifað sé. —

II.

Þá er einnig mjög eftirtektarvert hversu misskift hefir verið með þáttum hinnar hvítu mannaettar, hæfileikanum til að skapa sigursæl trúarbrögð. Eru Semtíarnir, Gyðingar og Arabar, þar stórum fremri þeirri ættkvíslinni, sem Grikkir eru af og Norðurmenn. En þó stoðar ekki í þeim efnunum forusta annarar þjóðættar. Vér vitum hvernig fór um hina grísku og rómversku menningu, eftir sigur þeirra trúarbragða sem Gyðingar höfðu skapað. Það væri þó mikill misskilningur, að halda að hin rétta leið sé sú, að hafna því sem merkilegt er og ágætt í þeim trúarbrögðum. Það er hin rétta lejð, að vaxa fram til þekkingar þar sem áður hefir verið trú, gera sér ljóst, hverskonar sannleikur það er, sem trúarbrögðin eiga rót sínar til að rekja. Læt eg hér nægja, að nefna vitneskjuna um tilveru æðri lifmynda annarsstaðar í heimi, og hversu fá má samband við þær, og með þeirra tilstyrk koma lífinu hér á jörðu í rétt horf. En þar sem svo er komið, er sifeld framför í öllu því sem gott er, í fegurð, visku og fræknleik. Góðleikann nefni eg ekki, af því að þar sem er sönn viska þar er einnig góðleikur.

20. jan. '39.

Helgi Pjetursson